



Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 23. mars 2018

Mál: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um mat á umhverfisáhrifum og lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (sérstök kæruehimild vegna athafna og athafnaleysis), 248. mál.

Samtök iðnaðarins þakka fyrir tækifæri til að gera athugasemdir við ofangreint frumvarp. Samtökin taka undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn Samtaka atvinnulífsins um málið og telja frumvarpið ganga lengra en þörf er á til að innleiða tilskipun ESB varðandi kærur vegna athafnaleysis. Einnig telja samtökin að ekki sé brugðist við athugun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) á löngum málsmeðferðartíma úrskurðarnefndar Umhverfis- og auðlindamála.

Með vísan til greinargerðar í umsögn Samtaka atvinnulífsins er lögð til breyting á frumvarpinu. Í stað 3. gr. frumvarpsins komi eftirfarandi:

Í 1. mgr. 14. gr. laganna komi nýr 2. málslíður svohljóðandi: Sama á við láti Skipulagsstofnun hjá líða að taka ákvörðun sem henni er skylt að taka lögum samkvæmt.


Ein af forsendum þess að hér sé samkeppnishæft atvinnulíf er að eftirlit sé skilvirkt, leikreglur séu skýrar og endanleg úrlausn í ágreiningmálum liggja fyrir sem fyrst. Það er jafnan krafa að eftirlitsstjórnvöld og úrskurðaraðilar leysi úr málum með skjóttum og skýrum hætti enda geta hvers konar tafir valdið fyrirtækjum og einstaklingum tjóni, skapað óvissu um réttarástand og dregið úr skilvirkni þeirra reglna sem unnið er eftir. Samtökin lýsa yfir miklum áhyggjum af því að enn hefur ekki verið greitt úr vanda úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem afgreiddi á árinu 2017 50% innkominna mála utan lögbundins afgreiðslufrests. Í þriðjungi tilvika tók málsmeðferðin meira en ár. Lögum samkvæmt ber nefndinni að vinna mál á 3 – 6 mánuðum.

Frá því að ESA gerði athugasemdir við málsmeðferð nefndarinnar hefur vissulega verið veitt meira fjármagni til nefndarinnar. Á mótí hefur fjöldi mála aukist og málsmeðferðartíminn ekki styst. Um áramót höfðu 22% þeirra mála sem biðu afgreiðslu beðið í meira en 18 mánuði.

Þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpi þessu munu fyrirsjáanlega auka álag á nefndina sem mun óumflýjanlega valda auknum tölum á afgreiðslu mála. Samtökin telja að Alþingi þurfi að bregðast við þessu ástandi og gæta þess að setja ekki reglur sem auka enn á þennan vanda. Skoða þarf hvort breyta þurfi kæruehimildum og hvort og þá hvernig megi straumlínulaga kærue- og málsmeðferðarferlið til að minnka álag á nefndina, án þess að ganga á rétt aðila til að leita réttar síns.

Ennfremur vilja Samtökin benda á að samkvæmt skýrslu ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur gekk Alþingi á árunum 2013 til 2016 í þriðjung tilvika lengra við innleiðingu EES gerða en þörf var á. Hér er að mati Samtakanna enn og aftur verið að innleiða íþyngjandi reglur umfram kröfur EES og þannig lagðar auknar byrgðar á íslenskt samfélag. Kalla Samtökin eftir því að Alþingi gangi ekki lengra en þörf er á samkvæmt reglum EES og að samræmi sé á innri markaði sem íslensk fyrirtæki starfa á.

Virðingarfyllt,



Björg Ásta Þórðardóttir,
lögfræðingur SI



Bryndís Skúladóttir,
sviðsstjóri framleiðsluviðs